

## Breytingartillaga

við frv. til l. um starfsréttindi tannsmiða.

Frá Þuríði Backman.

Við 4. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Endurskoðun laganna fari fram innan tveggja ára.

### Greinargerð.

Tannsmiðir með meistararéttindi hafa ekki haft heimild til að vinna sjálfstætt en samkvæmt frumvarpinu verður umtalsverð breyting á því. Vinna í munnholi er heilbrigðismál og sá þáttur á að vera á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Nokkur reynsla ætti að vera komin á breytt fyrirkomulag innan tveggja ára og endurskoðun að geta farið fram þá, með sérstakri áherslu á menntun og starfssvið sjálfstætt starfandi tannsmiða með meistararéttindi, þ.e. hvort þeir heyri áfram undir iðnaðarráðherra eða hafi samsvarandi nám og réttindi og danskir klínískir tannsmiðir og heyri undir heilbrigðisráðherra.